


■ Grundvallarstefnuskrá
miðflokka í Norðurlandaráði

Stokkhólmi, apríl 2013



Mittengruppen

■ Nordiska rådet

www.mittengruppen.org

minna er meira

Samkeppnishæf, velmegandi og örugg Norðurlönd

Norðurlönd eru þekkt víða um heim sem lýðræðisríki sem hafa náð hvað lengst í samkeppnishæfni og almennri velferð og þar sem stöðugleiki ríkir. Löndin eru ekki fjölmenn en sú þekking sem þjóðirnar búa yfir vegur þyngra en íbúafjöldinn.

Á undanförnum áratugum hafa Norðurlöndin gegnt æ ríkara sameiginlegu hlutverki á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma hafa endurteknar efnahagslægðir og aukinn alþjóðlegur óróleiki stuðlað að vaxandi þörf fyrir þróaða norræna samvinnu. Án hvers annars munu Norðurlöndin ekki ráða við viðfangsefni framtíðarinnar.

Framtíðarsýn miðjuflokkanna er að Norðurlöndin verði þekkt fyrir að geta látið samkeppnishæfni, velferð og öryggi haldast í hendur. Norðurlandabúar eiga að njóta jafnra tækifæra í lífinu, óháð kyni, aldri eða félagslegum eða menningarlegum uppruna. Til að sú sýn verði að veruleika þarf að efla norrænt samstarf svo um munar.

Fyrir einstaklinginn og mannkynið allt

Miðjuflokkarnir eru sprotnir ýmsum fjöldahreyfingum og styðja athafnafrelsi, frumkvöðlastarf, raunsæi, valldreifingu og frelsi til að velja.

Flokkahópur miðjumanna beitir sér fyrir því að Norðurlönd séu sjálfbær í félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum skilningi. Við undirstrikum mikilvægi fullorðinsfræðslu og að fólk geti sjálft tekið ákvarðanir sem varða eigið líf. Við leggjum áherslu á frelsi einstaklingsins, réttindi hans og ábyrgð. Við stöndum vörð um lýðræði, þingræði og fjölbreytni samfélags þar sem allir taka þátt og njóta jafnra tækifæra.

Einstaklingurinn: Frelsi, réttindi og ábyrgð

- Við viljum að hver og einn hafi valfrelsi og valkosti í lífinu, njóti tjáningarfrelsis og hafi frjálst aðgengi að upplýsingum.
- Við viljum virða grunnreglur réttarríkisins, jafnrétti og standa vörð um menningu og réttindi þjóðarbrota.

- Við teljum að innan ramma samfélagsins beri allir ábyrgð á að taka tillit til lýðræðis, umhverfis og náttúruauðlinda með aðstæður og þarfir komandi kynslóða í huga.

Samfélagið: Fjölbreytni, lýðræði og félagsleg samþætting

- Fjölbreytni, þátttaka, samræður og jöfnuður eru að okkar mati grunnstoðir samfélagsins.
- Lýðræði, öflugt borgaralegt samfélag, sterkar staðbundnar ákvarðanir og virk samfélagsþátttaka eru meginstoðir góðra lífskjara.
- Menntun, atvinna, félagsleg aðlögun og jafnrétti ásamt lýðheilsu eru hornsteinar velferðar og lífsgæða.



Markmið

Norðurlönd án landamæra með áhrif á heimsvísu

Flokkahópur miðjumanna vill að Norðurlöndin hafi forgöngu um að samræma og samhæfa löggjöf, stefnumótun og staðla í löndunum í því skyni að gera Norðurlöndin að landamæralausu svæði. Við viljum leggja áherslu á fleiri samnorrænar lausnir þar sem löndin skipta ábyrgðinni á milli sín á skýran hátt og skapi með því virðisauka og sparnað.

Staðbundið viljum við ...

- Skapa samþættan markað á Norðurlöndum, án stjórnsýsluhindrana á sviði atvinnumála, menntunar, rannsókna, frumkvöðlastarfs, nýsköpunar, heilbrigðisþjónustu, innra skipulags og björgunarþjónustu.
- Auka öryggi fólks á Norðurlöndum með því að sporna gegn félagslegri einangrun, mismunun og aðgreiningu.
- Að Norðurlöndin hafi forgöngu um að þróa græna hagkerfið með aukinni orkunýtni og notkun endurnýjanlegrar orku og að ryðja brautina fyrir notkun snjallra orkulausna.

- Efla norrænar rannsóknir í umhverfis- og loftslagsmálum, um orkunýtni, endurnýjanlega orku, snjallar orkulausnir, velferðartækni, matvæli, lyf, upplýsingatækni og efna- og líftækni.
- Skapa fleiri hvata fyrir fyrirtæki til að bjóða upp á starfsþjálfun og samningsbundið nám fyrir ungt fólk þvert á landamæri.
- Dýpka norrænt samstarf um öryggis- og varnarmál.
- Dýpka norrænt samstarf á vettvangi ESB og EES.
- Stuðla að friði, lýðræði og velferð á grannsvæðum Norðurlanda.

Á heimsvísu viljum við ...

- Standa vörð um að ímynd Norðurlanda verði áfram undirstaða sameiginlegrar markaðssetningar og kynningar á norrænni menningu, tísku, matargerð, menntakerfi, nýsköpun og ferðaþjónustu.
- Að Norðurlöndin snúi bökum saman á alþjóðavettvangi þegar fjallað er um mál sem varða almennt neyðarskipulag, lausn ágreiningsmála, þróunaraðstoð, réttindi borgaranna, mannréttindi sem og umhverfið.
- Veita sameiginlegum viðmiðum Norðurlanda í umhverfis- og félagsmálum brautargengi, kynna þau á heimsvísu og gera þau möguleg í framkvæmd.
- Móta sameiginlega stefnu Norðurlanda um málefni Norður-Atlantshafsins, norðurslóða, Norðurkollu og Eystrasaltsins.
- Dýpka samvinnu norrænnar utanríkisþjónustu með sameiginlegri hagsmunagæslu og almannþjónustu.

